REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um veiðar á skollakopp (ígulkerum), nr. 930/2025.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. eru allar veiðar á skollakopp bannaðar í Miðfirði og Bitrufirði í Húnaflóa frá og með 8. apríl 2026 til og með 31. ágúst 2026.

2. gr.

2. tölul. 1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

3. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í 5., 6., 8., 9. og 14. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997, 2., 6., 8. og 30. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996, og 16. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 31. ágúst 2026.

Atvinnuvegaráðuneytinu, 7. apríl 2026.

Hanna Katrín Friðriksson.

Hallveig Ólafsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 7. apríl 2026